

Pingsályktun

um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frumvarp um nauðsynlegar laga-breytingar sem lagt verði fyrir Alþingi.

Samþykkt á Alþingi 5. mars 1987.

